

## Einkenni og meðferð

Helstu sameiginlegu einkenni þessara sjúkdóma eru:

- Kviðverkir
- Niðurgangur
- Vindgangur
- Þreyta og slappleiki
- Þyngdartap

Ef þú finnur til einhverra þessara einkenna í lengri tíma ættir þú að leita læknis. Markmið meðferðar í upphafi er að halda bólgunni í skefjum, síðan að græða slímhúð og finna rétt lyf og/eða lyfjas kammta til að viðhalda sjúkdómshléi. Mjög einstaklingsbundið er hvernig meðferð er uppbyggð.

**CCU samtökin** voru stofnuð í október

1995 og eru hagsmunasamtök einstaklinga með sáraristilbólgu og svæðisgarnabólgu.

Samtökin eru opin öllum; sjúklingum, aðstandendum og öðrum áhugasönum.

### Helstu markmið samtakanna eru:

- Stuðningur við þá sem greinast.
- Stuðla að aukinni fræðslu og almennri þekkingu á sjúkdómunum.
- Þýðing og útgáfa fræðsluefnis.
- Að starf samtakanna nái um allt land.




Pósthólf 5388

125 Reykjavík

Talhólf: 871-3288

[www.ccu.is](http://www.ccu.is) [ccu@ccu.is](mailto:ccu@ccu.is)  
[www.facebook.com/CCUsamtokin](http://www.facebook.com/CCUsamtokin)

Þú sérð það ekki utan á mér



## Bólgusjúkdómar í meltingarvegi


Svæðisgarnabólga - Crohn's sjúkdómur  
Sáraristilbólga - Colitis Ulcerosa

## Almennt um sjúkdómana

Bólgyr í meltingarvegi eru oftast bráðar og hverfa venjulega án sérstakrar meðferðar. Þær orsakast m.a. af bakteríum (t.d. salmonellu og Campylobacter) eða veirum.

Einkenni vara sjaldnast lengur en mánuð. Við vissa sjúkdóma getur bólga í meltingarvegi varað lengur, marga mánuði eða jafnvel ár. Þessir sjúkdómar kallast langvinnir bólguvaldandi þarmasjúkdómar. Orsakir þeirra eru enn óþekktar.


Algengustu tegundir þessara sjúkdóma eru sáraristilbólga og svæðisgarnabólga. Þessir tveir sjúkdómar eru að mörgu leyti ólíkir en hafa engu að síður mörg sameiginleg einkenni og svipaðar meðferðir.



## Sáraristilbólga - Colitis Ulcerosa

Sáraristilbólga er bólgsjúkdómur í slímhúð ristils. Sjúkdómurinn takmarkast við ristilinn. Algengast er að bólgan sé staðbundin við neðsta hluta ristilsins eða í endaþarmi en stundum er allur ristillinn bólginne.

Sjúkdómurinn er langvarandi, en köstin eru misjafnlega slæm og standa mislengi yfir. Þó er mögulegt að vera einkennalaus um lengri tíma. Sáraristilbólga kemur oftast fram á aldrinum 15-30 ára.



## Svæðisgarnabólga – Crohn's sjúkdómur

Svæðisgarnabólga er venjulega í neðsta hluta smágirnis en getur þó verið hvar sem er í meltingarvegi, þ.e. frá munni að endaþarmi.

Sár geta myndast sem stundum blæðir frá. Ekki er hægt að lækna sjúkdóminn en hægt er að minnka óþægindi og draga úr virkni hans þegar bólga er hvað mest. Algengast er að sjúkdómurinn komi fram á aldrinum 20-30 ára.

